

## Greinargerð hafnarstjóra vegna ársreiknings Faxaflóahafna sf. 2013

### Inngangur

Afkoma Faxaflóahafna sf. árið 2013 var betri en ráð var gert fyrir í fjárhagsáætlun. Tekjur voru 181,0 mkr. umfram áætlun en rekstrarútgjöld voru 37,9 mkr. undir áætluðum útgjöldum. Breytingin á milli ára er að tekjur hækka um 4,1%, en rekstrargjöld um 0,9%. Þá voru fjármagnsliðir undir því sem áætlað var í fjárhagsáætlun og skýrist það af lækkun lána, lækkun vaxta á meginláni hafnarinnar og vegna styrkingu krónunnar. Rekstrarhagnaður varð því meiri en áætlað hafði verið eða sem nemur 278,3 mkr. Litlar breytingar urðu í rekstrar-umhverfi Faxaflóahafna sf. milli áráanna 2012 og 2013, en þó má nefna að í lok árs glæddist lóðaeftirspurn þó svo að engri lóð hafi verið úthlutað á árinu. Þá má sjá nokkurn samdrátt milli ára í aflagjöldum, sem skýrist að mestu af verðlækkun á sjávarafurðum, styrkingu krónunnar og undir lok ársins breyttu útgerðarmynstri.

Helstu frávik frá áætlun tekjumegin skýrast af vöruflutningum umfram spár, stærri skemmtiferðaskipum sem komu til hafnar. Gjaldamegin skýrast frávikin af minni viðhaldskostnaði hafnarmannvirkja en auknum útgjöldum í hafnarþjónustu vegna stærri skipa. Þegar á heildina er litið er afkoma Faxaflóahafna sf. vel viðunandi og í aðalatriðum nokkru betri en sú fjárhagsáætlun sem lagt var upp með.

### Rekstrartekjur

Rekstrartekjur Faxaflóahafna sf. árið 2013 voru **2.842.895 þ.kr.** sem er 4,1% hækkun tekna á milli áráanna 2012 og 2013. Aflagjöld eru í voru undir fjárhagsáætlun ársins, eða 16,2 mkr. Landaður afli er nokkurn veginn sambærilegur á milli ára og staða íslensku krónunnar lítið eitt sterkari, þannig að lækkunin skýrist að stærstum hluta af lækkandi verðum á erlendum mörkuðum. Á árinu 2013 urðu þær breytingar í útgerð að frystitögurum hefur verið lagt og einhverjum breytt í ísfisktogara, sem þýðir að aflaverðmæti þeirra skilar minni aflagjöldum. Vörugjöld voru 84,0 mkr. yfir áætlun og skýrist af auknum vöruflutningum milli ára. Þá voru tekjur af skipum (skipagjöld) 27,7 mkr. hærra en áætlun gerði ráð fyrir, en sú aukning skýrist m.a. af aukinni stærð þeirra skemmtiferðaskipa sem koma til hafnar í Reykjavík. Tekjuauki varð einnig af þessum ástæðum í hafnarþjónustu, eða sem nemur 71,9 mkr. umfram áætlun, en hluti þeirra umsvifa eykur útgjöld gjaldamegin.

Þá voru eignatekjur 15,6 lægri en ráð var fyrir gert. Tekjur í samanburði við fjárhagsáætlun voru samkvæmt neðangreindri töflu:

Í þús. kr.	Ársreikningur	Fjárhagsáætlun	Frávik	%
Vörugjöld	959.098	875.075	84.0	9,6%
Aflagjöld	223.775	240.000	(16,2)	-7,2%
Skipagjöld	280.378	252.724	27,7	10,9%
Eignatekjur	730.238	745.837	(15,6)	-2,1%
Hafnarþjónusta	423.224	351.294	71,9	20,5%
Siglingavernd	224.454	196.935	27,5	14,0%
Söluhagnaður o.fl.	1.729	0	1,7	----
Alls	<b>2.842.895</b>	<b>2.661.865</b>	<b>181,0</b>	<b>6,80%</b>

þús.kr.

Þróun heildartekna og vörugjalda á síðustu árum hefur verið eftirfarandi sbr. neðangreinda töflu:

Í millj. kr.	2008	2009	2010	2011	2012	2013
Heildartekjur	2.595,8	2.271,2	2.317,8	2.450,9	2.731,1	2.842,9
Vörugjöld	920,1	749,9	745,2	782,1	867,9	959,1

### Rekstrarkostnaður

Rekstrargjöld Faxaflóahafna sf. árið 2013 voru **2.246.886 þ.kr.** og hækka að krónutölu á milli ára um 20,2 mkr. eða um 0,9%. Rekstrargjöld voru hins 37,9 mkr. lægri en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir eða sem nemur 1,7%.

Í þús.kr.	Ársreikningur	Fjárhagsáætlun	Frávik	Frávik %
Hafnarvirki	366.649	407.115	40,5	11,84%
Eignagjöld	271.191	282.077	10,9	0,48%
Hafnarþjónusta	393.653	370.104	(23,5)	4,21%
Skrifst.- og stjórnun	298.317	281.371	(16,9)	-1,06%
Siglingavernd	171.117	166.716	(4,4)	17,21%
Afskriftir	745.960	777.389	31,5	-4,17%
<b>Samtals</b>	<b>2.246.886</b>	<b>2.284.772</b>	<b>37,9</b>	<b>2,17%</b>

Meginfrávikíð í útgjöldum liggur í minni framkvæmdum við hafnarvirkin eða sem nemur 40,5 mkr. Þá er kostnaður við skrifstofu og stjórnun umfram áætlun að þessu sinni vegna veitingu styrkja í tilefni af 100 ára hafnargerðar í Reykjavík. Kostnaður umfram áætlun vegna hafnarþjónustu má rekja til aukinna útgjalda við dráttarbátaþjónustu og þjónustu við skip, en útgjaldaaukinn skilar sér að hluta í tekjum á móti. Þróun launakostnaðar frá árinu 2008 er eftirfarandi:

Í þús. kr.	2013	2012	2011	2010	2009	2008
Bækistöð	104.713	99.877	98.204	93.750	86.041	74.412
Húseignir	18.687	18.052	17.522	16.285	15.730	15.003
Hafnsaga	105.717	96.398	99.379	103.249	91.059	81.862
Hafnarþjónusta	261.011	245.917	225.473	215.588	231.487	237.368
Hafnarstjórn	16.371	15.689	14.120	13.061	13.490	12.749
Skrifstofa	156.839	149.714	144.483	134.928	133.016	133.136
<b>Samtals</b>	<b>663.338</b>	<b>625.647</b>	<b>599.181</b>	<b>576.861</b>	<b>570.826</b>	<b>554.533</b>

Þróun starfa hjá Faxaflóahöfnum sf. hefur verið eftirfarandi:

Störf	2009	2010	2011	2012	2013
Hafnarþjónusta	35	31	31	32	32
Bækistöð	13	13	13	13	13
Tæknideild	3	3	3	3	3
Skrifstofa	12	12	12	12	12
Húseignir	2	2	2	2	2
Siglingavernd - Umhverfismál	1	1	1	1	1
<b>Alls</b>	<b>66</b>	<b>62</b>	<b>62</b>	<b>63</b>	<b>63</b>

Að auki eru um 15 sumarstarfsmenn í Bækistöð og 2 starfsmenn eru í afleysingum í hafnarþjónustu yfir sumarmánuði.

Hagnaður fyrir fjármunaliði er 596,0 mkr. sem er 218,9 mkr. umfram fjárhagsáætlun og 91,5 mkr. hækkun frá árinu 2012.

### **Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld**

Fjármagnskostnaður Faxaflóahafna sf. var undir áætlun, eða um 59,4 mkr. Vaxtatekjur voru 35,2 mkr. yfir áætlun vegna aukins handbærs fjár, en vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur 24,1 mkr. undir áætlun vegna lækkunar á vöxtum meginláns Faxaflóahafna sf., styrkingu krónunnar og lækkunar lána. Áhætta Faxaflóahafna sf. af gengissveiflum er óveruleg þar sem fyrirtækið er aðeins með eitt erlent lán að fjárhæð 224,1 mkr. en innlend lán að fjárhæð kr. 1,30 Ma. kr.

Að teknu tilliti til fjármunaliða er rekstrarhagnaður ársins 2013 alls 587,6 mkr. sem er 278,3 mkr. betri en áætlun gerði ráð fyrir og 220,2 mkr. betri afkoma en niðurstaða ársins 2012.

### **Efnahagsreikningur**

Fastafjármunir voru í árslok 11,4 Ma.kr. og eru nánast óbreyttir á milli ára. Langtímakröfur lækka um 142,0 mkr. og vegur þar þyngst afborgun vegna samnings við Reykjavíkurborg vegna lóða við Mýrargötu. Veltufjármunir hækka á milli ára um 210,1 mkr. Eignir voru í árslok samtals 13,1 Ma.kr. og aukast um 242,0 mkr. á milli ára.

Langtímaskuldir Faxaflóahafna sf. voru í árslok 1.174,5 mkr. og lækka um 217,4 mkr. eða um 15,6%.

Skammtímaskuldir hækka á milli ára um 44,8 mkr. og nema um 21,4% af heildartekjum, en á móti kemur að veltufjármunir til að mæta skammtímaskuldum eru 1.219,0 mkr. og því talsvert hærri en skammtímaskuldir. Skuldir alls voru í árslok alls 1.784,1 mkr. en voru í árslok 2012 alls 1.956,7 mkr. Lækkun á milli ára er 172,6 mkr. sem nemur um 9%.

### **Sjóðsstreymi**

Handbært fé frá rekstri var 194,1 mkr. hærra en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir. Að teknu tilliti til fjárfestingahreyfinga hækkaði handbært fé um 210,6 mkr. og var í árslok 888,9 mkr.

### **Fjárfestingahreyfingar**

Eignfærð fjárfesting á árinu 2013 nam brúttó 919,5 mkr. Annars vegar var um að ræða beinar framkvæmdir upp á 869,0 mkr. og hins vegar framlag til fjárfestinga í Vatnsveitufélagi Hvalfjarðar 50,5 mkr. Skipting framkvæmdakostnaðar ársins 2013 eftir hafnarsvæðum er eftirfarandi í millj. kr.:

<b>Gamla höfnin</b>	269,6
<b>Sundahöfn</b>	309,9
<b>Grundartangi</b>	257,7
<b>Akranes</b>	1,3
<b>Annað</b>	30,4
<b>Alls</b>	<b>868,9</b>

Þegar fjárfestingar Faxaflóahafna sf. árin 2007 – 2013 eru skoðaðar lítur myndin svona út í millj. króna:

Í millj. kr.	2008	2009	2010	2011	2012	2013	Alls
Gamla höfnin	350,7	134,9	117,7	482,3	134,3	269,6	1.489,5
Sundahöfn	1.089,5	411,3	748,1	114,5	750,9	309,9	3.424,2
Grundartangi	427,4	149,8	69,7	248,7	168,0	257,7	1.321,3
Akranes	1,8	2,8	5,4	37,2	14,5	1,3	63,1
Borgarnes	0	0	0	0	0	0	0
Annað	385,9	4,2	6,8	0	12,3	30,4	439,6
<b>Alls</b>	<b>2.255,3</b>	<b>703,0</b>	<b>947,7</b>	<b>882,7</b>	<b>1.080,0</b>	<b>868,9</b>	<b>6.737,7</b>
<b>Alls á verðlagi 2013</b>	<b>3.145,8</b>	<b>876,9</b>	<b>1.100,6</b>	<b>971,4</b>	<b>1.110,8</b>	<b>868,9</b>	<b>8.074,5</b>

Í Gömlu höfninni í Reykjavík var unnið að endurnýjun á hluta efri hæðar Bakkaskemmu og var lokið við annan áfanga af þremur. Þar hefur verið sköpuð aðstaða fyrir klasa fyrirtækja sem vinna að verkefnum tengdum sjávarútvegi. Fyrirtækin starfa undir merkjum Íslenska sjávarklasans ehf., sem leigir húsnæðið af Faxaflóahöfnum sf. og framleigir þeim fyrirtækjum sem þar eru. Þá var lokið við lagningu götu á Norðurgarði og unnið áfram að endurbótum við Vesturbugt.

Lokið var við lengingu Skarfabakka um 200 metra og var sá bakki tekinn í notkun á miðju ári 2013. Það var meginverkefni Faxaflóahafna sf. á árinu 2013. Framkvæmdum í nágrenni bakkans við Korngarða mun þó ekki ljúka fyrr en á árinu 2014. Þá var unnið áfram að undirbúningi 400 metra viðlegumannvirkis utan Klepps. Gengið var frá fyrirspurn til Skipulagsstofnunar varðandi umhverfismat og niðurstaða Skipulagsstofnunar að ekki þyrfti að fara með verkefnið í umhverfismat. Áætlaður framkvæmdatími er fyrirhugaður á árunum 2015 – 2018.

Á Grundartanga var áfram unnið að undirbúningi lengingar Tangabakka m.a. með kaupum á stálþili til þess verkefnis sem verður áfram unnið að á árinu 2014. Lokið var við tiltekin gatnagerðarverkefni og unnið að lóðagerð.

Á Akranesi var unnið að smærri viðhaldsverkefnum og í Borgarnesi var lokið við gerð sjósetningarbrautar.

Engri lóð var úthlutað á árinu 2013, en framkvæmdum HB Granda hf. lauk á Norðurgarði við byggingu frystigeymslu við Norðurgarð og gerð umhverfislistaverksins Þúfunnar. Á Grundartanga vann Landsnet að byggingu launafsvirkis, sem styrkir verulega afhendingaröryggi rafmagns á svæðinu.

## Niðurlag

Rekstur Faxaflóahafna sf. var vel viðunandi á árinu 2013. Tekjur voru yfir áætlun og rekstrargjöld innan þess ramma sem settur var. Framkvæmdir urðu ekki eins miklar og ráð var fyrir gert, en færast yfir á nýtt ár. Fjárhagsstaða fyrirtækisins er sterk og vonandi að augin umsvif í samfélaginu muni skila áfram sterkri stöðu, en verkefni eru mörg framundan og sum stór. Hafnir eru hreiður athafna- og atvinnulífs af ýmsum toga og því mikilvægt að Faxaflóahafnir sf. hafi slagkraft til þess að skapa aðstöðu fyrir starfsemi sem er áhugaverð og æskileg á hafnarsvæðunum. Á síðasta ári létu Faxaflóahafnir sf. gera umhverfisúttekt á Grundartanga til þess að staðreyna stöðu mála á svæðinu. Skýrslan er dæmi um hvernig fyrirtæki leitast eftir að sinna samfélagslegri skyldu sinni í umhverfismálum og byggja framtíðarskipulag og stefnu á rannsóknum og athugunum óvilhallra aðila.

Greinargerð hafnarstjóra vegna ársreiknings  
Faxaflóahafna sf. 2013.

Starfsemin á hafnarsvæðunum er fjölbreytt og af ýmsum toga. Því þarf að hyggja að hvaða framkvæmdir eiga heima á hverju hafnarsvæðanna til þess að tryggja virka hafnarstarfsemi allra hafna fyrirtækisins og skapa þá aðstöðu á landi sem hentar best fjölbreyttu athafnalífi. Tækifæri til framþróunar og vaxtar eru til staðar og Faxaflóahafnir sf. fjárhagslega í stakk búna til að takast á við þau verkefni sem framundan eru.

Reykjavík, 12. mars 2014  
Gísli Gíslason, hafnarstjóri